

Miðvikudaginn 31. október 1984.

Nr. 43/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Sverri Má Hafsteinssyni

(Örn Clausen hrl.)

Nauðgun (196. gr. alm. hegningarlaga). Réttarfarsvítur.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var áfrýjað af hálfu ákærvaldsins til þyngingar með stefnu 13. janúar 1984, en ákærði hafði eigi óskað áfrýjunar. Ágrip málgagna barst Hæstarétti 11. apríl 1984.

Telja verður sannað með framburði ákærða, sem er í aðalatriðum í samræmi við skýrslu E að ákærði hafi haft samfarir við hana gegn vilja hennar. Eigi verður séð, að ákærði hafi komið fram samförunum með líkamlegu ofbeldi, heldur hafi hann með hótunum hrætt E til þess að leyfa honum samfarirnar, án þess þó að talið verði, að hann hafi vakið henni ótta um líf hennar, heilbrigði eða velferð. Þykja hótanir þessar hafa verið með þeim hætti, að beita eigi 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um brot ákærða í stað 194. gr., og er það heimilt samkvæmt 118. gr. laga nr. 74/1974, enda var málflytjendum gefinn kostur á að reifa málið að því leyti við flutning þess fyrir Hæstarétti.

Staðfesta ber niðurstöður héraðsdóms um refsingu ákærða og um sakarkostnað í héraði.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Mál þetta var í héraði tekið fyrir 21. september 1983 og lögð fram gögn. Hinn 28. september kom ákærði fyrst fyrir dóm, og var honum þá kynnt ákæran og skýrsla tekin af honum, án þess að ákærða væri skipaður verjandi og án þess að sækjandi væri viðstaddur. Næst var þingað í málinu 11. október og bar E þá vitni. Hvorki

sækjandi né verjandi ákærða voru þá heldur viðstaddir, og bera gögn málsins ekki með sér, hvort verjandi hafði þá verið skipaður. Málflytjendur komu hins vegar í dóminn í næsta þinghaldi 24. október og luku þá flutningi málsins. Er háttur þessi á málsmeðferð andstæður reglum 131. - 134. gr. laga nr. 74/1974, sbr. og 1. mgr. 80. gr. sömu laga. Bar dómara að skipa verjanda, áður en málsmeðferð hófst, og hún átti síðan að fara fram að sækjanda og verjanda viðstöddum. Eigi þykir þó nauðsynlegt að ómerkja héraðsdóminn og málsmeðferðina af þessum sökum, þar sem sækjandi og verjandi áttu kost á því að fá ákærða og vitnið yfirheyrð á ný, ef þeir töldu þörf á.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Sverrir Már Hafsteinsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun í ríkissjóð, 12.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, 12.000.00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel brot ákærða varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, og tel refsingu hæfilega ákveðna 3 mánaða fangelsi óskilorðsbundið svo og 9 mánaða fangelsi skilorðsbundið, sbr. 57. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976, 9. gr. og verði fullnustu þess hluta refsingar frestað og falli hún niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ég er samþykkur ákvörðun meiri hluta dómara um sakarkostnað og athugasemdum þeirra um málsmeðferð.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. nóvember 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 17. nóvember, var á dómþingi Sakadóms, sem háð var í Borgartúni 7 í Reykjavík, af Ármanni Kristinssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 556/1983: Ákærvaldið gegn Sverri Má Hafsteinssyni, sem tekið var til dóms 24. október 1983.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 13. apríl 1983, gegn ákærða, „Sverri Má Hafsteinssyni, verkamanni, Þórufelli 8, Reykjavík, fæddum 23. maí 1964 í Reykjavík, fyrir nauðgun, með því að hafa, laugardagsnóttina 4. desember 1982, þröngvað stúlkunni E til samræðis við sig á heimili stúlkunnar..., Reykjavík, þangað sem ákærði hafði fylgt henni og ruðst inn gegn vilja stúlkunnar og síðan beitt hana líkamlegu ofbeldi og jafnframt þrásinnis hótað henni lífláti eða öðrum óföllum léti hún ekki að vilja hans í framangreindum efnum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1981 16/12 í Reykjavík: Sátt, 1.200 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 2 mán. frá 20/11 '81.

Málsatvik eru þessi:

Þriðjudaginn 18. janúar 1983 kom kona að nafni E á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins og skýrði frá eftirfarandi:

„Föstudaginn 3. desember sl. var ég að skemmta mér í Óðali. Ungur maður, sem ég hafði ekki séð fyrr, sýndi mér áleitni. Sí-nauðaði hann í mér: „Gerðu það talaðu við mig.“ Ég dansaði ekki við hann en hann hélt áfram að nauða í mér og er ballið var búið féllst ég á að labba með honum einn hring í bænum og gerði ég það til þess að losna við hann. Ég gekk svo heim en hann gekk á eftir mér og reyndi að tala við mig á leiðinni. Þegar ég var komin að dyrunum heima hjá mér sagði ég við hann að hér ætti ég heima og ég væri farin inn en allan tímann á leiðinni hafði ég reynt að losa mig við hann. Er ég hafði opnað útidyrnar með lykli ýtti hann á þær og ruddist inn um leið og ég fór inn. Hann ýtti mér inn um leið og skellti hurðinni aftur. Við stóðum nokkuð lengi í útidyranginum og ég þrefaði við hann þar og reyndi að fá hann til að fara heim. Þetta er lítið einbýlishús sem ég bý í og bý ég þar ein með 9 ára gamalli dóttur minni en hún var ekki heima þessa nótt. Ég tel að klukkan hafi verið um 04:00 þegar ég kom heim og maðurinn ruddist inn. Ég var undir áhrifum áfengis og maðurinn einnig en hvorugt okkar ofurölvi. Ég vissi vel hvað ég var að gera og ég tel að maðurinn hafi átt að vita það einnig.

Í útidyranginum fór hann að hræða mig, eftir að ég hafði marg ítrekað reynt að koma honum út. Hann fór að segja að hann væri búinn að vera á Litla-Hrauni, ég skyldi bara hringja á lögregluna, honum væri alveg

sama. Hann sagði að honum þætti svo erfitt að hugsa er hann væri úti á lífinu en á Litla-Hrauni þyrfti hann ekki að hugsa. Hann sagði að sinn besti vinur hefði ráðist á konuna í Hátúninu. Hann hræddi mig mikið með þessu og ætlaði ég að hringja á lögregluna en alltaf er ég fór að símanum greip hann í mig og stoppaði mig af.

Hann fór síðan að hóta því að drepa mig ef hann fengi ekki að koma fram vilja sínum. Ég man ekki hvað hann sagði orðrétt. Fram að þessu hef ég reynt að gera mitt besta til að gleyma þessu. Maðurinn er stór og stæðilegur. Ég er 165 cm og 50 kg. Ég var mjög hrædd við manninn og fannst mér hann til alls líklegur þegar þarna var komið. Hann ýtti mér upp að ofni í stofunni og var ég þá orðin stíf eða hálf lömuð af hræðslu. Ég hafði frekar sótt inn í stofuna því þar var síminn.

Eftir að hann hafði ýtt mér upp að ofninum og vegg í stofunni, klæddi hann mig úr fötunum. Ég var í denim buxum og blússu, nærbuxum og sokkum. Einnig í úlpu en ég var ekki komin úr henni. Hann klæddi mig harkalega úr þessu öllu, hálf reif mig úr þessu, án þess þó að rífa fötin. Ég stóð kyrr á meðan og þorði ekki að berjast á móti manninum, ég var orðin verulega hrædd við hann og hann hótaði sífellt að drepa mig á meðan. Ef ég ætlaði að reyna að berjast á móti þessu, hristi hann mig til, harkalega og sagði: „Láttu ekki svona.“ Ekki man ég orðrétt hótanir hans en þær gengu alltaf út á það að drepa mig ef ég léti ekki að vilja hans.

Eftir að hann hafði klætt mig úr öllu, klæddi hann sjálfan sig úr öllu og skipaði mér að leggjast á gólfíð. Hann hafði svo mök við mig þarna á stofugólfinu. Ég lagðist á bakið og hann lagðist ofan á mig. Hann sagðist aldrei hafa verið með kvenmanni áður og gekk honum illa að koma liminum inn í kynfæri mín. Hann skipaði mér þá að vera ofan á og þorði ég ekki annað en að hlýða honum. Hann kom lim sínum inn á stofugólfinu og honum tókst að hafa samfarir við mig þar, honum varð bara ekki sáðfall. Honum tókst bæði að halda uppi samfarahreyfingum er ég var liggjandi og er ég var ofan á honum. Hann vildi þá fara upp á loft en þar er svefnherbergi mitt. Ég vildi það ekki en að lokum fékk ég hann til að lofa því að fara eins og skot þegar hann væri búinn að ljúka sér af uppi á lofti.

Ég fór þá með honum upp í rúmið mitt og lagðist á bakið, hann ofan á og lét hann lim sinn inn í kynfæri mín þar og tókst að hafa við mig þar fullkomnar samfarir og varð honum sáðfall. Hann spurði í sífellu, á meðan hann var að þessu, hvort hann væri ekki æðislegur, hvort þetta væri ekki gott. Virtist hann hafa komplexa og áhyggjur yfir því að hann gerði þetta ekki vel. Ég held að klukkan hafi verið um 05:30 þegar hann fór en ég átta mig ekki á hvað hann hafði samfarirnar við mig lengi, tel ég í um 20 - 30 mínútur.

Eftir að honum hafði orðið sáðfall breyttist hann skyndilega. Hann marg bað mig afsökunar og virtist verða mjög aumur. Hann sagði að honum þætti vænt um mig. Hann neitaði þó að fara, eins og hann hafði lofað og vildi hafa við mig samfarir aftur. Það endaði með því að ég leyfði honum að hafa samfarir við mig aftur og var hann þá mjög fljótur og tel ég að honum hafi orðið sáðfall aftur. Honum gekk þetta mjög greiðlega í seinna skiptið og lét ég undan honum en ég gerði allt til að losna við hann út, það var það eina sem skipti mig máli, að koma honum út.

Eftir seinni samfarirnar varð hann aftur mjög meyr og aumur. Gaf hann mér þá upp nafn sitt og heimilisfang ef ég vildi kæra hann. Sagðist hann heita: Sverrir Már Hafsteins, Þórufelli (man ekki númer hvað) og símanúmer. Hann skrifaði þetta niður á blað, ég las það og henti því svo. Ég ætlaði mér ekki að kæra þetta, heldur gleyma þessu. Hann fór eftir að hafa skrifað nafn, heimilisfang og símanúmer niður á miða.

Um það bil tveim vikum seinna, á laugardagsnótt, líklega laust eftir að dansleikjum hafði lokið, þá hringir Sverrir dyrabjöllu hjá mér og ber húsið utan er ég opnaði ekki. Dóttir mín var þá heima hjá mér en hún vaknaði ekki.

Aðfaranótt sunnudagsins 9. jan. sl. kom hann aftur. Hann kom um kl. 02:00. Hringdi hann dyrabjöllu, bankaði og er það dugði ekki fór hann að kalla nafnið mitt. Ég klæddi mig þá og fór út í glugga og talaði við hann. Hann þrábað mig um að fá að koma inn. Hann aðeins ætlaði að tala við mig augnablik, hann myndi ekkert gera mér, ekki meiða mig og þrástagaðist hann á þessu. Hann spurði mig hvort ég vildi ekki hleypa honum inn út af því sem skeði síðast. Ég bað hann um að fara, ég vildi ekki hleypa honum inn, ég vildi bara fá að vera í friði og vildi ekkert með hann hafa. Ég sá að leigubíll beið eftir honum. Hann var greinilega drukinn. Þegar ég hleypti honum ekki inn, fór hann svo að hóta mér. Sagðist hann mundu drepa mig og hótaði að berja mig í klessu ef hann sæi mig einhversstaðar.

Þegar honum gekk ekki heldur að hóta mér, gafst hann upp á að reyna að komast inn í húsið og fór með leigubilnum. Þriðjudaginn 11. jan. kl. 23:30 er svo dyrabjöllunni hringt. Hann var þá kominn aftur en nú edrú. Bað hann innilega afsökunar á framkomu sinni síðast, á nauðguninni þar áður og að honum þætti þetta mjög leiðinlegt. Bað hann um að fá að taka í höndina á mér og fá hjá mér fyrirgefningu. Ég þakkaði honum fyrir að biðja fyrirgefningar á þessu, tók ég í höndina á honum og hann fór og fannst mér eins og þessu væri nú lokið og hann kæmi ekki aftur. Ég varð ánægð og taldi þessu hér með lokið.

Ég vaknaði svo upp laust fyrir kl. 01:00 sl. nótt við að dyrabjöllunni er hringt. Ég lá kyrr og ætlaði ekki að svara en hann hringdi látlaust dyra-

bjöllumni. Ég gafst þá upp og fór út í glugga. Sverrir var þarna og virtist hann ekki mjög ölvaður en þó greinilega eitthvað. Nauðaði hann í mér um að fá að koma inn og spurði hvort það væri út af því sem hefði skeð áður að ég vildi ekki hleypa honum inn. Ég sagði svo vera. Hann hótaði þá að hætta ekki að hringja fyrr en ég hleypti honum inn og hringdi hann látlaust. Er það dugði ekki hótaði hann að brjótast inn. Ég fór þá og hringdi á lögregluna. Ég fór svo út í gluggann aftur en þá sá ég Sverrir standa nokkuð frá útidyrnum en samt hringdi dyrabjallan áfram. Lögreglubíllinn kom svo upp götuna en þá sá ég að einhver var með honum og hlupu þeir báðir í burtu og voru farnir er lögreglubíllinn kom að húsinu. Ég veit ekki hver getur hafa verið með honum, ég sá eingöngu að það var maður í ljósum jakka en ég sá rétt aftan á hann er hann hljóp.

Það voru svo tveir lögreglumenn hjá mér alla síðastliðna nótt og veit ég að talsverð leit var gerð í hverfinu en án árangurs.

Ég kæri mann þennan fyrir nauðgun og krefst þess að hann láti mig í friði. Krafa mín númer eitt er að ég fái frið fyrir þessum manni sem ég hef aldrei viljað eiga nokkur samskipti við. Ég hef jafnvel hugleitt að selja þetta hús mitt við ...götu til að forða mér undan manninum. Ég legg ekki mikið upp úr kærinni um nauðgun og ég sækist ekki eftir því frekar að manni þessum verði refsað, heldur einungis að ég fái frið fyrir honum.“

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 18. janúar 1983 skýrði ákærði þannig frá atvikum máls þessa:

„Ég sá E fyrst í Óðali þann 3. des. sl. Ég var að tala við hana þar og fór út um leið og hún. Ég var þá frekar hátt uppi en hún ekki sjáanlega. Ég gekk í hring með henni í kring um Óðal og Planið og bað um að fá að fylgja henni heim en þá var hún að tala um að hún þyrfti að fara heim. Hún vildi ekki að ég fylgdi henni heim en svo féllst hún á að ég kæmi hálfa leiðina. Ég fór alla leiðina og er hún var að fara inn til sín, ýtti ég á hurðina og fór inn á eftir henni. Þetta er lítið gamalt hús sem hún býr í. Áður en ég ýtti á hurðina hafði ég beðið um að fá að koma inn með henni en hún neitaði og sagðist þurfa að mæta í vinnu í fyrramálið.

Ég fór svo að þrefa við hana í útidyranginum. Ég man ekki hvað ég var að rugla en ég hræddi hana það mikið að hún sagði að ég mætti hafa samfarir við hana ef ég meiddi hana ekki. Ástæðan fyrir því að ég man ekki orðrétt neitt af því sem ég sagði við hana til að hræða hana er sú að ég var fullur og svo er orðið nokkuð langt liðið síðan. Ég man ekki sérstaklega eftir því að hafa hótað að drepa hana en ég get hótað og ruglað meiningarlaust er ég er fullur og ég hefði aldrei lagt á hana hendur og ekki meitt hana þó hún hefði ekki látið undan mér.

Fyrst hafði ég stoppað hana í því að hringja á lögregluna með því að taka í hana. Ég er mikið sterkari en hún en hún er bæði lágvaxin og grönn.

Ég ýtti henni svo upp að vegg í stofunni og þar sagði hún að ég mætti hafa samfarir við hana ef ég meiddi hana ekki. Hún var hrædd fyrst en mér fannst óttinn hjá henni minnka á meðan ég hafði samfarir við hana og á eftir.

Ég klæddi hana úr öllu að ofan á meðan hún stóð þarna í stofunni og það var eftir að ég hafði klætt hana úr að ofan sem hún lofaði því að ég fengi að hafa samfarir við hana ef ég meiddi hana ekki. Ég hneppti svo frá henni buxunum en hún kláraði að fara úr þeim og nærbuxunum og svo lögðumst við á gólfid. Mér gekk ekkert of vel að hafa við hana samfarir. Hún lagðist á bakið og ég ofan á hana og kom ég lim mínum inn í kynfæri hennar en þetta gekk samt illa og það ég hana að fara ofaná mig og gerði hún það. Ég lá þá á bakinu og hún sat ofaná mér en það gekk ekki nógu vel svoleiðis. Ég bað hana um að koma upp en ég þóttist vita að svefnherbergið hennar væri þar. Hún neitaði því fyrst en sagðist svo skyldu fara með mér upp ef ég lofaði því að fara svo strax út þegar ég væri búinn að fá fullnægingu.

Við fórum svo upp og í hjónarúmið hennar. Þar lagðist hún á bakið en ég ofan á. Ég hafði svoleiðis samfarir við hana í um 30 mínútur. Þá fékk ég fullnægingu. Ég tel að hún hafi fengið fullnægingu líka því hún kófsvitnaði. Ég fór ekki eftir að hafa fengið fullnæginguna. Ég lagðist út af og hún lagði höfuð sitt á brjóstakassann á mér. Ég spurði hana hvort hún væri hrædd ennþá en hún svaraði: „Mitt á meðal.“

Eftir smá tíma hafði ég samfarir við hana aftur og sýndist mér hún fús til þess. Ég lagðist ofaná hana og hafði samfarir við hana eins og áður. Nú hafði ég ekki samfarir við hana nema í nokkrar mínútur, þá fékk ég fullnægingu.

Eftir það fór hún fram á klósett en ég lá kyrr í rúminu. Þegar hún kom af klósettinu bað hún mig um að fara því ég hafi verið búinn að lofa því. Ég fór eftir u.þ.b. fimm mínútur og þá niður og klæddi mig í fötin en þau lágu á stofugólfinu.

Hún hringdi á leigubíl fyrir mig en ég skrifaði nafn mitt, heimilisfang og síma á miða og sagði að nú gæti hún kært mig ef hún vildi. Hún sagðist ekki ætla að kæra mig. Ég fór svo með leigubílnum.

Ég vissi að hún bjó ein með dóttur sinni en hún hafði sagt mér það. Ég fór svo aftur heim til hennar nokkrum vikum seinna. Ég hafði þá verið á balli, líklega í Óðali og fór með leigubíl á eftir. Ég lét bílinn bíða á meðan ég hringdi dyrabjöllunni en það heyrðist ekkert í henni, hún virtist hafa tekið dyrabjölluna úr sambandi. Ég bankaði þá og kom hún út í glugga á efri hæðinni. Hún sagðist muna eftir mér og þekkja mig og sagði mér að láta sig í friði. Ég fór þá og sá að ég myndi ekki komast inn til hennar. Ég hafði hugsað mér að tala við hana en ekki að hafa við hana samfarir.

Ég fór svo stuttu seinna og bað hana afsökunar. Ég var þá edrú og fór gangandi til hennar um kl. 22:30. Ekki man ég hvaða dag það var en það getur vel passað að það hafi verið fyrir viku síðan. Ég hringdi dyrabjöllunni og hún opnaði. Ég sagðist vera kominn til að biðja afsökunar og hún sagðist fyrirgefa mér. Sagðist hún vera mjög hrædd við mig og sýndi mér hvað höndin á henni titraði. Hún bað mig um að vera ekki að ónáða sig og ég sagði *já* og *bless* og fór.

Sigurður Hólm Sigurðsson hefur verið vinur minn frá því við vorum 15 ára. Við keyptum okkur flösku í gærkvöldi, á svörtu, og urðum vel þéttir. Þá vildi ég fara upp á ...götu og rölti Siggí með mér. Ég hringdi dyrabjöllunni þangað til hún kom út í glugga. Ég sagðist vilja tala við hana og var með eitthvað rugl. Ég var þó ekki að hóta henni. Hún hótaði mér lögreglunni eftir að hafa beðið mig um að fara. Siggí Hólm hringdi dyrabjöllunni einu sinni. Þá stóð ég og horfði upp í gluggann. Við saúm lögreglubíl koma og hlupum við þá í burtu. Klukkan var um 01:00 þegar við fórum til hennar.

Ég veit ekki af hverju við Siggí vorum að fara til hennar. Það var engin hugsun á bak við þessa heimsókn í þetta skiptið og ekki á bak við hinar heldur. Ég veit að Siggí Hólm hefur verið kærður fyrir nauðganir og annað ofbeldi. Hann hefur þó ekki sagt mér hvernig hann hefur farið að og ekkert sagt mér frá því. Hann hefur fullan hug á að bæta sig núna.

Ég gef loforð um að fara aldrei aftur á ...götuna og að ónáða E ekki á nokkurn hátt. Ég er kominn með góða vinnu á bíl sem fer út um landið. Lögreglan þarf ekki að óttast að ég fari þarna aftur.“

Við yfirheyrslur fyrir dómi skýrðu þar ákærði og vitnið E öldungis á sömu lund frá atvikum máls þessa og þau höfðu áður gjört hjá rannsóknar-lögreglu.

Ákærði kvaðst þó ekki minnast þess sérstaklega, að hann hefði beinlínis hótad E lífláti. Hann fullyrti, að hann hefði engin afskipti haft af stúlkunni, eftir að kæran var lögð fram.

Vitnið E kvaðst hafa búið eitt í húsinu ásamt ungu barni sínu, sem ekki hafði verið heima greint sinn. Vitnið sagðist ekki beinlínis hafa orðið fyrir líkamlegum meiðslum, en hins vegar miklu andlegu áfalli, sem það hefði enn ekki komist yfir. Vitnið E óskaði ekki eftir að koma að skaðabótakröfu í málinu.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, sem rakin hafa verið hér að framan, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem í ákæru er lýst, og varðar hún við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Refsing ákærða telst hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuðir.

Með vísan til ungs aldurs ákærða, hreinskilinnar játningar og þess, að

hann hefur eigi áður verið dæmdur sekur um brot gegn almennum hegningarlögum, sem og með sérstakri hliðsjón af aðdraganda og öllum atvikum máls þessa þykir eftir atvikum mega ákveða, að ákvörðun refsingar hans skuli fresta og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Af hálfu ákæruvalds var í munnlegum flutningi málsins fallið frá skaðabótakröfu á hendur ákærða.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000, en Jónatan Sveinsson saksóknari flutti málið af hálfu ákæruvalds, og málsvarnarlaun Arnar Clausen hrl., skipaðs verjanda síns, krónur 12.000.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sverrir Már Hafsteinsson, sæti fangelsi 12 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000, en málið flutti af hálfu ákæruvalds Jónatan Sveinsson saksóknari, og málsvarnarlaun Arnar Clausen hrl., skipaðs verjanda síns, kr. 12.000.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.